

# **Reglur**

## **um styrki til félaga og félagasamtaka til greiðslu fasteignaskatts skv. 2. mgr. 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995**

### 1. gr.

Bæjarráði Ísafjarðarbæjar er heimilt að veita styrki til greiðslu fasteignaskatts af fasteignum, sbr. heimild í 2. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga. Reglur þessar eru settar með vísan í 2. mgr. 5. gr. laganna.

### 2. gr.

Félög eða félagasamtök í Ísafjarðarbæ, sem eiga húsnæði þar sem eingöngu fer fram starfsemi sem ekki er rekin í ágóðaskyni, svo sem menningar-, íþrótt-, æskulýðs-, tómstunda- og/eða mannúðarstarf, hafa heimild til að sækja um styrk til greiðslu fasteignaskatts. Sé hluti fasteignar notuð til annars en að framan greinir, svo sem til veitinga- eða verslunarrekstur eða til íbúðar fyrir aðra en húsverði eru fasteignagjöld lögð á m.t.t. slíkrar notkunar og styrkur til greiðslu fasteignaskatts aðeins veittur í hlutfalli við nýtingu húsnæðisins í samræmi við 2. mgr. 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga.

### 3. gr.

Hámarksstyrkur til hvers félags er kr. 130.000,- á ári, allt að 100% af fasteignagjöldum og holræsagjöldum viðkomandi eignar. Ekki er um að ræða styrki til greiðslu þjónustugjalda svo sem sorphirðu, lóðarleigu og vatnsgjaldi.

### 4. gr.

Umsóknir um styrki skulu berast í síðasta lagi 28. febrúar það ár sem sótt er um styrk fyrir.

### 5. gr.

Rísi ágreiningur um túlkun reglna eða afgreiðslu mála skal málinu vísað til bæjarráðs Ísafjarðarbæjar.

Þannig samþykkt af bæjarstjórn 6. desember 2018